

Hagnaður eykst um 27% og er 103 milljónir evra á árinu 2006

- Góður árangur í Mið- og Austur-Evrópu og Bandaríkjunum -

Tekjur Actavis Group rúmlega tvöfölduðust á árinu 2006 og námu 1.379 milljónum evra (121 milljarði króna) og EBITDA framlegðarstig nam 20,8%. Undirliggjandi hagnaðurⁱ samstæðunnar nam 148,8 milljónum evra (13 milljörðum króna) á árinu 2006 og 38,8 milljónum (3,4 milljörðum króna) á fjórða ársfjórðungi sem er um 70% aukning frá fyrra ári.

Helstu atriði - fjórði ársfjórðungur og árið 2006

- Tekjur á fjórða ársfjórðungi jukust um 80,0% í 350,2 milljónir evra (4F 2005: 194,5 milljónir evra) og um 138,2% í 1.379,9 milljónir evra fyrir árið í heild (2005: 579,3 milljónir evra).
- Undirliggjandi tekjuvöxturⁱⁱ nam 17,1% í fjórðungnum (4F 2005 pro forma: 299,1 milljónir evra) og 9,4% fyrir árið í heild (2005 pro forma: 1,261 milljónir evra, sem endurspeglar sterkan vöxt í Austur-Evrópu og Bandaríkjunum).
- Eftir tekjusviðum:
 - Sala í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu nam 148,6 milljónum evra í fjórðungnum (4F 2005 pro forma: 113,2 milljónir evra), eða sem nemur 31,3% vexti í fjórðungnum og 17,9% fyrir árið í heild.
 - Pro forma sala í Norður-Ameríku jókst um 28,9% í 92,0 milljónir evra í fjórðungnum (4F 2005 pro forma: 71,4 milljónir evra). Það samsvarar undirliggjandi vexti sem nemur 28,9% og 12,5% fyrir árið í heild.
 - Sala í Vestur-Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku jókst um 13,1% í 76,9 milljónir evra (4F 2005 pro forma: 68,0 milljónir evra), en á árinu í heild sinni stóðu tekjurnar í stað, m.a. vegna mikilla verðlækkana í Þýskalandi.
 - Sala til þriðja aðila dróst saman um 25,5% í 33,8 milljónir evra og um 6,5% í 134,3 milljónir evra fyrir árið í heild, einnig vegna verðlækkana í Þýskalandi.
- EBITDA framlegð var 19,9% í fjórðungnum og 20,8% fyrir árið í heild. Ef dreifing lyfja í Búlgaríu er undanskilinn, þá væri framlegð samstæðunnar 21,7% á fjórðungnum og 22,3% fyrir árið.
- Hagnaður e.skatta var 32,5 milljónir evra í fjórðungnum og 102,7 milljónir á árinu. Undirliggjandi hagnaður í fjórðungnum dróst saman um 1,5% í 38,8 milljónir evra en jókst um 71,1% fyrir árið í heild. (án tillits til einskiptiskostnaðar vegna PLIVA og afskriftar á yfirverði).
- Undirliggjandi þynntur hagnaður á hlutⁱⁱⁱ hækkaði um 16,7% og var 0,03190 á árinu.
- Actavis lauk mikilvægum fyrirtækjakaupum í Bandaríkjunum, Rússlandi og Indlandi, sem er reiknað með að skili sér í aukinni sölu og lægri framleiðslukostnaði á næstu árum.
- Alls voru markaðssett 113 samheitalyf á hina ýmsu markaði samstæðunnar í fjórðungnum og samtals 376 á árinu öllu.

Þúsundir evra	1. október - 31. desember			1. janúar - 31. desember		
	4F 2006	4F 2005	% Breyting	12M 2006	12M 2005	% Breyting
Heildartekjur.....	350.183	194.547	80,0%	1.379.921	579.264	138,2%
Heildargjöld.....	-304.601	-160.037	90,3%	-1.182.337	-472.751	150,1%
EBITDA.....	69.548	52.156	33,3%	287.134	148.471	93,4%
EBITDA %.....	19,9%	26,8%	-25,9%	20,8%	25,6%	-18,8%
Hagnaður fyrir skatta.....	38.121	36.647	4,0%	127.257	91.479	39,1%
Undirliggjandi hagnaður.....	38.827	38.254	1,5%	148.819	86.679	71,7%
Hagnaður eftir skatta.....	32.540	35.416	-8,1%	102.689	81.003	26,8%
Undirliggjandi hagnaður á hlut.....	0,00892	0,01121	-20,4%	0,03190	0,02734	16,7%
Hagnaður á hlut.....	0,00700	0,01036	-32,5%	0,01804	0,02548	-29,2%

Skilgreiningar á undirliggjandi vexti, hagnaði og útreikningi á hagnaði á hlut eru á síðu 11.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, um uppgjörið:

„Það er ánægjulegt að sjá góðan árangur félagsins á árinu og að metnaðarfull rekstrarmarkmið um framlegð og hagnað hafi náðst. Þá var undirliggjandi rekstur félagsins góður og mikill vöxtur var á mörkuðum okkar í Bandaríkjunum og Mið- og Austur-Evrópu. Auk þess styrktum við samkeppnistöðu okkar enn frekar með kaupum á fjórum nýjum félögum, sem munu styðja við sölustarfsemi okkar og þróunarstarf, og gera okkur kleift að ná aukinni hagræðingu í rekstri á næstu árum.“

Afkoma á fjórða ársfjórðungi og árinu 2006

Tekjur

Heildartekjur á fjórða ársfjórðungi jukust í 350,2 milljónir evra (4F 2005: 194,5 milljónir evra) og í 1.379,9 milljónir evra fyrir árið í heild (2005: 579,3 milljónir evra). Þetta samsvarar undirliggjandi vexti á fjórða fjórðungi (byggt á pro forma tölum frá 2005) um 17,1% m.v. fast gengi. Fyrir árið í heild sinni nam undirliggjandi vöxtur 9,4%.

- Sala í Mið- og Austur-Evrópu og Asíu (CEEA) nam 148,6 milljónum evra í fjórðungnum (4F 2005 pro forma: 113,2 milljónir evra) og 529,5 milljónum evra fyrir árið í heild (2005 pro forma: 449,1 milljónir evra). Þetta samsvarar 31,3% undirliggjandi vexti á fjórðungnum og 17,9% á árinu. Alls voru 78 markaðssetningar á nýjum lyfjum í fjórðungnum (62 mismunandi lyf). Mjög góður vöxtur var á öllum helstu mörkuðum sviðsins, þ.m.t. í Rússlandi, Úkraína og Búlgaríu.
- Sala í Norður Ameríku jókst um 28,9% í 92,0 milljónir evra í fjórðungnum (4F 2005 pro forma: 71,4 milljónir evra) og um 12,5% í 425,2 milljónir evra fyrir árið í heild (pro-forma 2005: 378,0 milljónir evra), í samræmi við væntingar stjórnenda. Samanborið við fjórða ársfjórðung 2005 þá var undirliggjandi vöxtur sölu á sviðinu 28,9% miðað við árið á undan. Undirliggjandi vöxtur á árinu í heild nam 12,5% þar sem aukin sala í magni og markaðssetning nýrra lyfja, gerði meira en að vinna upp verðlækkunir á árinu.
- Sala í Vestur-Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku (WEMEA) nam 76,9 milljónum evra (4F 2005 pro forma: 68,0 milljónir evra), sem er 13,1% aukning frá fyrra ári. Fyrir árið í heild námu tekjur (pro forma) 284,6 milljónum evra (2005 pro forma: 284,5 milljónir evra) og var sambærilegt við fyrra ár, sem skýrist að miklu leyti af verðlækkunum í Þýskalandi. Mesti tekjuvöxturinn var í Bretlandi og alls voru 17 lyf markaðssett (14 mismunandi lyf) á fjórðungnum og 75 fyrir árið í heild sinni.
- Sala til þriðja aðila nam 33,8 milljónum evra, sem er 25,5% minna en á sama fjórðungi í fyrra (45,5 milljónir evra), sem var sérlega góður fjórðungur. Þá var dróst salan saman um 6,5% á árinu miðað við fyrra ár. Þrátt fyrir góðan árangur á mörgum mörkuðum sviðsins, höfðu almennar verðlækkunir mikil áhrif sem voru að jafnaði um 8% á árinu og um 15% á þýska markaðnum. Fjöldi nýrra lyfja voru markaðssett á mörkuðum sviðsins og má búast við auknum vexti á næstu árum, samhliða fjölgun nýrra lyfja á markað.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld á fjórða ársfjórðungi námu 304,6 milljónum evra (4F 2005: 160,0 milljónir evra) og 1.182,3 milljónum evra fyrir árið í heild (2005: 472,8 milljónir evra).

- Kostnaðarverð seldra vara sem hlutfall af tekjum var 57,8% á fjórða ársfjórðungi, sem er 1% hærra en á fyrri fjórðungum og skýrist að hluta til af hærri hlutfalli tekna voru í Vestur Evrópu og minni í Bandaríkjunum á tímabilinu. Kostnaðarverð seldra vara sem hlutfall af tekjum jókst í 57,1% fyrir árið í heild (2005 47,7%) einkum vegna samþættingar á rekstri Alpharma, þar sem framlegðin var lægri og vegna samþættingar á dreifingu í Búlgaríu. Góður árangur náðist í sparnaði í innkaupum, sem vóg að hluta til upp áhrif verðlækkana á helstu mörkuðum félagsins.
- Sölu- og markaðskostnaður jókst um 7,2 milljónir evra frá fyrra fjórðungi, sem skýrist einkum af markaðsátaki vegna markaðssetninga nýrra lyfja og árstíðasveiflna í markaðsherferðum. Sem hlutfall tekna nam hann 15,4% í fjórðungnum og 14,3% (197,3 milljónir) fyrir árið í heild.
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði um 0,7 milljónir evra í 31,7 milljónir evra í fjórðungnum, sem jafngildir 9,1% af tekjum (3F 2006: 10,0% 2F 2006: 9,2%). Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 9,4% af heildartekjum ársins og var 130,0 milljónir evra (2005 60,6m, 10,5% af heildartekjum).
- Gjaldfærður þróunarkostnaður nam 16,4 milljónum evra (4,7% af heildartekjum) í fjórðungnum. Fyrir árið 2006 í heild nam gjaldfærður þróunarkostnaður alls 66,8 milljónum evra, en inni í þeirri fjárhæð er beinn þróunarkostnaður ásamt afskriftum af eigin þróunarverkefnum og aðkeyptum óefnislegum eignum tengdum þróunarstarfsemi. Heildarkostnaður þróunarsviðs á árinu nam 90,7 milljónum evra; þar af voru 40,6 milljónir evra gjaldfærðar og 50,1 milljónir evra eignfærðar samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.

Púsundir evra	4F 2006	4F 2005	% Breyting
Heildartekjur.....	350.183	194.547	80,0%
Kostnaðarverð seldra vara.....	202.539	89.970	125%
Sölu- og markaðskostnaður.....	53.990	24.311	122,1%
Rannsóknar- og þróunarkostnaður.....	16.372	21.472	-23,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	31.700	24.284	30,5%
Heildarrekstrarkostnaður.....	304.601	160.036	90,3%

EBITDA

Hagnaður félagsins fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði („EBITDA“) jókst um 33.3% í 69.5 milljónir evra í fjórðungnum (4F 2005: 52.2 milljónir evra). Á árinu öllu var EBITDA 287.1 milljónir evra (2005: 148.5 milljónir evra). EBITDA framlegðin var 19.9% í fjórðungnum og 20.8% fyrir árið í heild, sem er í samræmi við útgefin markmið félagsins. EBITDA framlegð samstæðunnar, án tillits til dreifingar í Búlgaríu, hefði verið 21,7% á fjórðungnum og 22,3 fyrir árið 2006.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir námu 7.5 milljónum evra í fjórðungnum (4F 2005: 3.1 milljónir evra fjármagnstekna) og 70.3 milljónum evra á árinu öllu (2005: 13.2 milljónir evra fjármagnsgjöld). Stærsti kostnaðarliðurinn er vaxtakostnaður af lánum félagsins. Hrein vaxtagjöld námu 15.6 milljónum evra, samanborið við 13.4 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi, sem skýrist að mestu af aukinni skuldsetningu og hærri viðmiðunarvöxtum í fjórðungnum. Aukin skuldsetning tengist m.a. kaupnum á eigin hlutabréfum að andvirði 95 milljónir evra í fjórðungnum og fjármögnun fyrirtækjakaupa. Þá er kostnaður vegna yfirtöku og kaupa á hlutafé í króatíska lyfjafyrirtækinu PLIVA talinn meðal fjármagnsliða, sem nam 22,4 milljónum evra. Meðal fjármagnsliða er einnig gengishagnaður að upphæð 5.1 milljónir evra á árinu samanborið við 5.6 milljónir evra 2005.

Hagnaður og arðsemi eigin fjár

Hagnaður eftir skatta nam 32,5 milljónum evra á fjórðungnum (4Q 2005: 35,4 milljónir evra) og var 102,7 milljónir evra á árinu (2005: 81,0 milljónir evra). Undirliggjandi hagnaður nam 38.8 milljónum evra í fjórðungnum (4F 2005: 35.4 milljónir evra) og er þá ekki tekið tillit til kostnaðar sem tengist yfirtökuferli á PLIVA (22,4 milljónir evra) eða afskriftar á yfirverði (purchase price allocation). Þá var hann 148.8 milljónir evra fyrir árið í heild (2005: 81.0 milljónir evra). Undirliggjandi þynntur hagnaður á hlut („EPS“) var 0.00892 í fjórðungnum (4F 2005: 0.01121) og 0.03190 fyrir árið í heild (2005: 0.02734). Útreikningur á þynntum hagnaði á hlut er í evrum og tekur að fullu tillit til forgangsbréfa (útgefnum í desember 2005) og áfallinna arðgreiðslna af þeim.

Arðsemi eigin fjár í fjórðungnum var 14,2% (4F 2005: 17.2%) og 12,5% fyrir árið í heild. (2005: 19.6%).

Skattar

Gjaldfærðir skattar félagsins á fjórða ársfjórðungi voru 5.6 milljónir evra. Fyrir árið í heild var upphæðin 24.6 milljónir evra og virkt skatthlutfall 19.3%. Lægra skatthlutfall sýnir misjafna samsetningu hagnaðar félaga innan samstæðunnar. Á fjórða ársfjórðungi varð hærri hlutfall hagnaðar til í þeim skattaumdæmum þar sem skatthlutfallið er lægra, þ.e.a.s. á Möltu og í Austur-Evrópu.

Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri nam 55.6 milljónum evra í fjórðungnum (4F 2005: 27.9 milljónir evra) og 204.1 milljónum evra fyrir árið í heild (2005: 109.1 milljónir evra).

Rekstartengdar eignir umfram skuldir lækkuðu um 23.8 milljónir evra í fjórðungnum (4F 2005: 3.1 milljónir evra) og sem fyrr er lögð mikil áhersla á góða stýringu viðskiptakrafna. Sé miðað við árið í heild hækkuðu rekstartengdar eignir umfram skuldir um 42.2 milljónir evra (2005: 6.1 milljónir evra). Um áramót var veltuhraði viðskiptakrafna innan við 60 dagar og veltuhraði birgða 2.9 á árinu 2006.

Fjárfestingarútgjöld

Heildar fjárfestingarútgjöld í fjórðungnum (þróunarkostnaður innifalinn) námu 59.7 milljónum evra, sem er 61% hækkun frá fyrra fjórðungi. Fyrir árið í heild var upphæðin 162.3 milljónir evra (2005: 103.6 milljónir evra). Fjárfestingar í fastafjármunum námu 32.2 milljónum evra í fjórðungnum (4F 2005: 19.8 milljónir evra) og 96.8 milljónum evra fyrir árið í heild (2005: 62.4 milljónir evra). Fjárfesting í þróunarverkefnum og öðrum óáþreifanlegum eignum nam 27.5 milljónum evra á fjórða ársfjórðungi (4F 2005: 15.1m) og 65.5 milljónum evra á árinu öllu (2005: 41.2 milljónir evra).

Sjóðstreymi

Heidar útstreymi vegna fjárfestingarhreyfinga í fjórðungnum að teknu tilliti til sölu eigna var 45.1 milljónir evra í tengslum við fyrirtækjakaup í fjórðungnum og fjárfestingar í fastafjármunum og var 331,4 milljónir fyrir á árinu. Meðal fjármögnunarhreyfinga í fjórðungnum er neikvætt fjárflæði um 86.3 milljónir evra vegna afborgana af langtímalánum og jákvætt fjárflæði um 156.4 milljónir evra vegna nýrra lána og hækkunar skammtímalána. Handbært fé var 78.3 milljónir evra í lok tímabilsins.

Frjálst fjárflæði samstæðunnar nam 36.4 milljónum evra í fjórðungnum (4F 2005: neikvætt fjárflæði 8.2 milljónir evra). Neikvætt frjálst fjárflæði á árinu öllu var 17.5 milljónir evra (2005: jákvætt fjárflæði 4.6 milljónir evra).

Efnahagsreikningur

Kaup félagsins á rúmenska lyfjafyrirtækinu Sindan eru færð í efnahagsreikning félagsins frá 1. apríl 2006 að telja. Þar á meðal eru óáþreifanlegar eignir, sem nema 82,2 milljónum evra og viðskiptavild að upphæð 34,0 milljónir evra. Þessir liðir eru færðir í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS). Á fjórða ársfjórðungi keypti félagið þrjú ný fyrirtæki; Abrika Pharmaceuticals í Flórída, ZiO Zdorovje í Rússlandi (51% hlut) og framleiðslueiningu Grandix á Indlandi. Þessi fyrirtækjakaup koma hinsvegar ekki inn í bækur félagsins fyrr en á árinu 2007 og hafa þar af leiðandi engin áhrif á efnahagsreikning ársins. Þann 31. desember voru heildar skuldir félagsins 1,229.2 milljónir evra, og 1,150.8 milljónir evra að frádregnu handbæru fé, eða sem svarar EBITDA margfeldi 3,96 á móti skuldum.

Helstu atburðir

Fyrirtækjakaup í þremur heimsálfum

Á fjórða ársfjórðungi keypti Actavis Abrika Pharmaceuticals Inc., sem er sérhæft lyfjafyrirtæki í Bandaríkjunum, en sérhæfing þess liggur einkum á sviði forðalyfja; félagið keypti ráðandi hlut í rússneska lyfjafyrirtækinu ZiO Zdorovje; og framleiðslueiningu Grandix Pharmaceuticals í Chennai á Suður-Indlandi. Þá opnaði Actavis nýja þróunareiningu fyrir virk lyfjaefni á Indlandi og keypti lyfjaefnaverksmiðju Sanmar Specialty Chemicals í Chennai í febrúar 2007, sem sérhæfir sig í framleiðslu á virkum lyfjaefnum.

Heimild til að færa hlutafé úr krónum í evrur og hækka hlutafé félagsins

Hluthafafundur í febrúar veitti stjórn heimild til að færa A-hluti félagsins úr krónum í evrur. Þá var einnig samþykkt að heimila stjórn að auka hlutafé félagsins um tólfhundrað milljónir hluta, til að styðja við fjármögnun vegna mögulegra fyrirtækjakaupa.

Þrjú ný samheitalyf í Bandaríkjunum

Actavis fékk leyfi bandarísku matvæla- og lyfjastofnunarinnar (FDA) til að markaðssetja sykursýkislyfið Glipizide ER forðatöflur, samheitalyf frumlyfsins Glucotrol XL® frá lyfjafyrirtækinu Pfizer í lok síðasta árs. Í upphafi 2007 hóf félagið dreifingu á þunglyndislyfinu Sertraline, sem er samheitalyf Zoloft®, eins söluhæsta lyfs Pfizer og einnig fékk Actavis leyfi FDA til að setja á markað tauga- og geðlyfið Alprazolam ER forðatöflur.

Breytingar á framkvæmdastjórn

Sigurður Óli Ólafsson, tók við stöðu aðstoðarforstjóra af Svöfu Grönfeldt og kom heim frá Bandaríkjunum, þar sem hann hafði stýrt starfsemi samstæðunnar þar í landi. Fearghal Murphy var skipaður í stöðu framkvæmdastjóra framleiðslustýringar og Doug Boothe varð framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs í Bandaríkjunum og tóku þeir báðir sæti í framkvæmdastjórn.

Samþætting

Actavis tilkynnti um sölu á lyfjaverksmiðju sinni í Lier í Noregi í desember. Sala verksmiðjunnar er í samræmi við markmið félagsins um samþættingu framleiðslueininga og að styrkja framlegðarstig

samstæðunnar á næstu árum. Actavis eignaðist verksmiðjuna í desember 2005 við kaupin á lyfjafyrirtækinu Alpharma

Actavis selur hlutafé sitt í PLIVA

Á fjórða ársfjórðungi seldi félagið eignarhlut sinn í króatíska lyfjafyrirtækinu PLIVA til Barr Pharmaceuticals, en heildareign nam 20,8% af heildarhlutafé PLIVA. Sala hlutarins var samkvæmt yfirtökutilboði Barr og sá Actavis sér ekki hag í að eiga hlutinn lengur.

Afkoma eftir tekjusviðum

Sölustarfsemi Actavis skiptist í fjögur tekjusvið og selja þrjú þeirra lyf undir eigin merki félagsins. Sviðunum er skipt landfræðilega sem hér segir: Mið- og Austur Evrópa og Asía (auk Íslands og Möltu) (CEEA), Vestur Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka (WEMEA) og Norður Ameríka (US). Fjórða sviðið annast sölu á lyfjahugviti og fullunnum lyfjum til þriðja aðila (annarra lyfjafyrirtækja).

Meðal lykilmarkaða félagsins (m.v. lyfjasölu og dreifingu) eru Norður-Ameríka (31%), Búlgaríja (11%, með heildsöludreifingu í Búlgaríu), Þýskaland (8%) og Tyrkland (7%).

Þá voru alls 113 markaðssetningar á nýjum samheitalyfjum á fjórðungnum. Á árinu í heild voru þær 376 talsins (163 mismunandi lyf), þar af 54 sem voru fyrst á markað.

Þá voru alls 78 markaðssetningar á nýjum samheitalyfjum á fjórðungnum og á árinu öllu voru þær 376 talsins (163 einstök lyf). 54 þeirra voru fyrst á markað eftir að einkaleyfi frumlyfjanna rann úr gildi. Þegar tekjuskipting tekjusviða er skoðuð, er það gert sem hlutfall af tekjum af sölu fullbúinna lyfja en ekki heildartekna.

Söluhæstu lyf samstæðunnar voru eftirfarandi:

Vöruheiti	Frumlyf (fyrirtæki)	Lyfjaflokkur	Svið	Sala á 4F 2006	Sala 2006
Gabapentin	Neurontin (Pfizer)	Tauga-og geðlyf	N-America	7,7	47,3
Diltiazem	Cardizem (Biovail)	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	N-America	6,7	41,8
Oxycodone	Roxicodone (Xanodyne)	Tauga-og geðlyf	N-America	7,4	38,2
Ramipril	Altace (Aventis)	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	T-Party & WEMEA	5,8	23,9
Cravit® (levofloxacin)	Tavanic (Sanofi Aventis)	Sýkingalyf	CEEA	2,5	20,1
Pentalong®	Pentaeritryl tetranitrate	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	WEMEA	6,1	21,4
Lovastatin	Mevacor (Merck)	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	N-America	4,8	19,8
Citalopram	Celexa (Lundbeck)	Tauga-og geðlyf	T-Party & WEMEA	4,7	19,1
Troxevasin®	Troxevasin (Balkanpharma)	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	CEEA	3,4	16,0
Quinaretic	Accuretic (Pfizer)	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	N-America	4,6	17,0
<i>10 söluhæstu lyfin sem hlutfall af heildartekjum 2006</i>					20,2%

Norður-Ameríka - 26% af sölu félagsins á fjórða ársfjórðungi og 31% á árinu 2006

Salan í Norður-Ameríku var í samræmi við væntingar stjórnenda á fjórða ársfjórðungi 2006. Tekjur sviðsins námu 90,2 milljónum evra í fjórðungnum og var undirliggjandi vöxtur því 28.9% í fjórðungnum og 12.5% fyrir árið í heild. Óhagstæð gengisþróun hafði neikvæð áhrif á tekjur sviðsins, sem nam 425,2 milljónum evra á fjórðungnum.

Að baki góðum árangri lágu öðrum fremur lyfin Carbidopa/Levodopa (parkinsonslyf), Lovastatin (blóðfitulækkandi lyf) og Glipizide ER (sykursýkilyf). Actavis keypti markaðsleyfi Glipizide ER af Andrx Pharmaceutical, og setti lyfið á markað í nóvember. Að auki var góð sala á Oxycodone (verkjalyf) og Quinaretic (hjartalyf). Sviðið markaðssetti alls 14 ný lyf á árinu 2006.

Öflug lyfjaþróun í Bandaríkjunum

Í árslok var Actavis með 134 þróunarverkefni í gangi í Bandaríkjunum. Þar á meðal eru forðalyf, krem, smyrsl og vökvar, auk taflna og hylkja.

Félagið lagði inn 15 skráningar fyrir samheitalyf (Abbreviated New Drug Applications, („ANDAs“) í fjórða ársfjórðungi og alls 38 á árinu öllu. Þetta er fjölgun um 25 í samanburði við þær skráningar sem Amide og Alpharma lögðu inn á árinu 2005, áður en lyfjafyrirtækin tvö urðu hluti af Actavis samstæðunni.

Kaupin á Abrika Pharmaceuticals

Actavis tilkynnti í nóvember um kaup á lyfjafyrirtækinu Abrika Pharmaceuticals Inc., sem sérhæfir sig í þróun og sölu forðalyfja (lyfja þar sem losun virka efnisins er stjórnað) og annarra samheitalyfja sem erfið eru í þróun. Kaupin eru með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirvalda í Bandaríkjunum, sem búist er við að liggi fyrir á fyrsta ársfjórðungi 2007.

Eftir kaupin mun Actavis verða í fremstu röð í Bandaríkjunum í þróun á forðalyfjum, með 50 lyf í þróun, 50 milljónir evra í þróunarkostnað og 100 manns í vinnu við þróun forðalyfja 2007. Eftir sameiningu mun félagið hafa 12 forðalyf sem bíða skráningar hjá bandarísku lyfjastofnuninni (FDA).

Vegna þess hversu erfið sérhæfing í framleiðslu forðalyfja er, reynist samkeppni oft lítil, framlegðarstig hærra og er þetta svið eitt það arðbærasta á sviði þróunar og sölu samheitalyfja í Bandaríkjunum.

Samþætting starfseminnar í Bandaríkjunum hefur gengið með ágætum. Vörumerkið Actavis hefur verið kynnt um landið allt og vel hefur gengið að breyta merkingum á pakkningum í Actavis. Þá hefur starfsemin í Bandaríkjunum náð góðum árangri í sölu og markaðsstarfi sem tengist vörum sem áður voru seldar undir merkjum Amide og Alpharma.

Mið- og Austur-Evrópa og Asía (auk Íslands) (CEEA), 42% af sölu félagsins á fjórða ársfjórðungi og 38% á árinu 2006

Sala á fjórðungnum jókst um 31.3% í 148.6 milljónir evra (4F 2005 pro forma: 113.2 milljónir evra). Þessi mikli vöxtur er fyrst og fremst að þakka auknu markaðsstarfi og nýjum lyfjum sem sett voru á markað. Á árinu 2006 jókst undirliggjandi sala um 17.9% í 529.5 milljónir evra (2005: 449.1 milljónir evra). Alls voru 219 markaðssetningar á nýjum samheitalyfjum á árinu, þar af 78 á fjórðungnum.

Búlgaríja - 29% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 27% á árinu 2006

Hjá Actavis í Búlgaríu jukust tekjur um 47.5% og voru 43.0 milljónir evra á fjórðungnum. Tekjur eigin vörumerkis Actavis voru 19,6 milljónir evra (4F 2005 pro forma: 8,2 milljónir evra) og tekjur frá dreifingarfyirtækinu Higia 23.4 milljónir evra (4F 2005 pro forma: 20.9 milljónir evra). Níu ný samheitalyf voru markaðssett í Búlgaríu á fjórða ársfjórðungi og 41 á árinu öllu.

Tyrkland - 18% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 22% á árinu 2006

Í Tyrklandi nam salan 26.1 milljónum evra á fjórða ársfjórðungi 2006 (4F 2005 pro forma: 36.1 milljónir evra), sem er 27.9% lækkun frá fyrra ári, sem má skýra með óhagstæðri gengisþróun og aukinni samkeppni á Tyrkneska markaðinum. Sex samheitalyf voru sett á markað, þar af tvö sem voru fyrst á markað en þau voru hjartalalyfið Ramipril og þunglyndislyfið Paroxetin. Lyfjalöggjöfin í Tyrklandi tók miklum breytingum á árinu 2006 sem gert er ráð fyrir að hafi neikvæð áhrif á afkomuna 2007.

Rúmenía - 17% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 143% á árinu 2006

Sala á fjórða ársfjórðungi í Rúmeníu nam 25.7 milljónum evra, sem er besti fjórðungur félagsins á árinu og jukust tekjur um 48.9% frá sama tíma í fyrra. Góðan vöxt má m.a. skýra með auknum kaupum rúmenska ríkisins á lyfjum fyrir krabbameinssjúklinga. Helstu lyf í Rúmeníu á árinu voru krabbameinslyfin Paclitaxel og Epirubicin.

Rússland, Úkraína og önnur fyrrum Sovétlýðveldi - 12% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 15% á árinu 2006

Í Rússlandi, Úkraínu og öðrum fyrrverandi Sovétlýðveldum náðist áfram góður árangur á fjórða ársfjórðungi og nam undirliggjandi tekjuvöxtur 8.2%, í 17.4 milljónir evra (4F 2005 pro forma: 16.1 milljónir evra). Sala í Rússlandi jókst um 31.5% samanborið við fyrra ár, þökk sé breiðri vörulínu. Úkraína sýndi áfram góðan vöxt, tekjur jukust um 49.4% á milli ára m.a. vegna öflugs markaðsstarfs og nýrra markaðssetninga. Önnur fyrrum Sovétlýðveldi héldu áfram að sýna góðan vöxt, tekjur jukust um 19.1% milli ára.

Mið-Evrópa (Pólland, Ungverjaland, Tékkland, Slóvakía og Slóvenía) - 8% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 7% á árinu 2006

Tekjur á fjórðungnum jukust um 31.7% frá árinu 2005 og voru 11.7 milljónir evra (4F 2005: pro forma: 8.9 milljónir evra). Aukningin skýrist m.a. af góðum vexti í Ungverjalandi og Póllandi, en vel hefur gengið að skrá ný lyf samstæðunnar inn á þessa markaði.

WEMEA - Vestur-Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka - 22% af sölu félagsins á fjórða ársfjórðungi og 21% af sölu ársins 2006

Salan á fjórða ársfjórðungi jókst um 13.1% í 76.9 milljónir evra (4Q 2005: 68.0 milljónir evra) og var 284.6 milljónir evra fyrir árið í heild (pro-forma 2005: 284.5 milljónir evra). Bættur árangur á síðasta fjórðungi ársins, samanborið við þrjá hina fyrstu, skýrist m.a. af góðum samlegðaráhrifum sem nú eru að skila sér í kjölfar kaupanna á samheitalyfjasviði Alpharma. Helstu markaðssvæði sviðsins eru Bretland, Þýskaland, Holland, Norðurlöndin og Portúgal.

Á árinu hefur verið unnið markvisst að samþættingu starfsemi Actavis og Alpharma og ráðist hefur verið í umfangsmikla markaðsherferð á helstu mörkuðum á svæðinu til að kynna vörumerki Actavis. Verðlækkunar á nokkrum lykilmörkuðum sviðsins höfðu talsverð áhrif á tekjuvöxt og afkomu sviðsins, sérstaklega í Þýskalandi, þar sem verð lækkaði umtalsvert á árinu. Lyfjaúrval sviðsins hefur aldrei verið eins öflugt og nú og á mörkuðum sviðsins verða markaðssett fjöldi nýrra lyfja sem mun styðja við vöxt þess á næstu árum.

Alls voru 75 markaðssetningar á nýjum lyfjum á svæðinu, þar af 17 á fjórða ársfjórðungi. Meðal söluhæstu lyfja í fjórðungnum og á árinu öll voru: Pentalong (hjartalyf), Vancomycin (syklalyf), Pinex (verkjalyf) og Decubal húðvörurnar.

Bretland - 33% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 31% af sölu sviðsins á árinu 2006

Salan í Bretlandi jókst um 21.4% á fjórða ársfjórðungi, í 25.5 milljónir evra (pro-forma 4Q 2005: 21.0 milljónir evra) og um 6.0% í 89.2 milljónir evra fyrir árið (pro-forma 2005: 84,2 milljónir evra). Actavis er nú næst stærsta samheitalyfjafyrirtækið í Bretlandi með mikið lyfjaúrval og öfluga framleiðslueiningu sem styður vel við leiðandi stöðu á markaðnum og vöxt á næstu árum.

Meðal söluhæstu lyfja á árinu voru Prednisolone, Dihydrocodeinev og Vancomycin, Cyglogest, og Digoxin ásamt öðrum.

Þýskaland - 17% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 18% af sölu sviðsins á árinu 2006

Salan í Þýskalandi dróst saman um 4.8% í fjórðungnum, í 13.3 milljónir evra (4Q 2005 13.9 milljónir evra) og um 9.2% í 51.5 milljónir evra á árinu öllu. Breytingar á endurgreiðslureglum sjúkrasamlaga, lögbundnir afslættir og hörð samkeppni um verð höfðu mikil áhrif á afkomuna. Actavis hefur fjölgað mikið sölumönnum á markaðnum til að styðja enn frekar við vöxt félagsins og alls starfa nú um 130 sölumenn fyrir Actavis í Þýskalandi. Meðal söluhæstu lyfja á árinu voru hjartalyfin Pentalong, Propranolol, Flecainide og Bisoprolol. Af nýjum lyfjum á markað má nefna Ramipril (hjartalyf), Tamsulosin (þvagfæralyf) og Tiapride (tauga- og geðlyf).

Holland - 8% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 9% af sölu sviðsins á árinu 2006

Salan í Hollandi dróst lítillega saman, eða um 0.7% í fjórðungnum og nam 6.5 milljónum evra (4Q 2005: 6.5 milljónir evra). Þá dróst hún saman um 11.7% fyrir árið allt, í 24.4 milljónir evra (2005: 27.7 milljónir evra). Breytingar á starfsemi heildsala og lyfjaverslana, ásamt hærri afsláttum, eru helstu skýringar á samdrættinum í Hollandi. Sextán ný lyf voru markaðssett, þar á meðal Tamsulosin (þvagfæralyf), Sertraline (þunglyndislyf), Terbinafine (sveppalyf). Meðal söluhæstu lyfja á árinu voru Simvastatin (blóðfitulækkandi lyf), Omeprazole (magalyf) og Amlodipine (hjartalyf).

Norðurlönd (Danmörk, Finnland, Svíþjóð og Noregur) - 31% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 34% af sölu sviðsins á árinu 2006

Á Norðurlöndunum er sem fyrr hörð samkeppni, en Actavis náði góðum árangri og nam salan á fjórða ársfjórðungi 23.5 milljónum evra (4Q 2005: 24.3 milljónir evra) og árinu öllu 96.3 milljónum evra (2005: 95.4 milljónir evra). Actavis er nú eitt af þremur stærstu samheitalyfjafyrirtækjum á svæðinu. Lyfjaúrval samstæðunnar á Norðurlöndunum samanstendur af góðri blöndu af samheitalyfjum, lausasölulyfjum og sérheitalyfjum. Sett voru 26 lyf á markað á svæðinu á árinu 2006. Þar á meðal voru Tamsulosin (þvagfæralyf), Amlodipine (hjartalyf), Lamotrigine (flogaveikilyf) og ýmsar nýjungar í Decubal húðvörulínunni

Sala til þriðja aðila - 10% af sölu félagsins á fjórða ársfjórðungi og 10% á árinu 2006

Tekjusviðið annast sölu á lyfjahugviti og fullnum lyfjum til þriðja aðila (annarra lyfjafyrirtækja). Viðskiptavinir sviðsins voru um 130 í yfir 35 löndum í öllum heimsálfum á árinu 2006. Helstu lykilmarkaðir sviðsins eru Þýskaland, Frakkland, Holland, Austurríki og Sviss.

Salan á fjórða ársfjórðungi dróst saman um 25.5% í 33.9 milljónir evra (4F 2005 45.5 milljónir evra), og um 6.5% fyrir árið. Heildartekjur námu 134.3 milljónum evra á árinu (2005: 143.6 milljónir evra). Þetta skýrist einkum af því að stórir viðskiptavinir sviðsins urðu hluti af Actavis í árslok 2005 og eru því nú hluti af öðrum tekjusviðum innan Actavis, sem selja lyf undir eigin merkjum. Að auki hafa

miklar verðlækkningar í Þýskalandi valdið erfiðleikum, en Þýskalandsmarkaður er eigi að síður mikilvægasti markaður sviðsins sem fyrr. Áhersla var lögð á sókn inn á nýja markaði og hafa tekjur í Frakklandi og Portúgal til að mynda aukist talsvert á árinu. Heilt yfir þá drógust tekjur sviðsins saman um 8% vegna verðlækkana samanborið við 2005.

Alls voru þrjú ný samheitalyf markaðssett á fjórða ársfjórðungi og eru þau öll mikilvæg viðbót við lyfjaúrval félagsins: þunglyndislyfið Mirtazapine munnlausnartöflur í Frakklandi, hormónalyfið Finasteride á Spáni, í Portúgal og Slóveníu og loks flogaveikilyfið Topiramate í Portúgal.

Þýskaland - 35% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 40% á árinu 2006

Þýskaland er eftir sem áður stærsti markaður sviðsins. Salan á fjórða ársfjórðungi dróst saman um 31.5% í 11.9 milljónir evra samanborið við 17.3 milljónir evra á fjórða fjórðungi ársins 2005. Helstu lyf eru sem fyrr Ramipril töflur (blóðþrýstingslyf), Ramipril HCT og Citalopram (þunglyndislyf). Verulegar verðlækkningar (15%) urðu á markaðnum, vegna breytinga á endurgreiðslu á lyfjum í Þýskalandi, sem komu til sögunnar á árinu 2006.

Frakkland - 16% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 12% á árinu 2006

Salan á fjórða ársfjórðungi ársins 2006 nam 5.3 milljónum evra, sem er 8.2% lækkun frá sama fjórðungi í fyrra (5.8 milljónir evra), en hækkun um 46.0% fyrir árið í heild. Sett voru á markað nokkur lyf, og eru Ramipril töflur þeirra mikilvægast. Markaðsaðstæður í Frakklandi einkennast af verðsamkeppni, en stjórnvöld hvetja til aukinnar notkunar samheitalyfja og telja stjórnendur félagsins markaðinn sérlega áhugaverðan til lengri tíma litið.

Holland - 6% af sölu sviðsins á fjórða ársfjórðungi og 9% á árinu 2006

Holland er mikilvægur markaður á þessu tekjusviði, jafnvel þótt verðsamkeppni sé mikil. Salan í fjórðungnum nam 2.0 milljónum evra, sem er 44.4% lækkun frá sama fjórðungi 2005, en nær óbreytt fyrir árið allt. Helstu lyf eru Ciprofloxacin (sýklalyf), og síðan Fosinopril (hjarta- og æðasjúkdómalyf) og Citalopram (þunglyndislyf).

Rannsóknir og þróun

Félagið er alls með 650 lyf á markaði. Að auki voru 355 verkefni í þróun og skráningu í árslok 2006.

Markaðssetningar lyfja

Alls voru 376 markaðssetningar á samheitalyfjum á árinu, þar af 54 sem voru fyrst á markað. Þá voru 14 ný lyf markaðsett í Bandaríkjunum á árinu. Á yfirstandandi ári er búist við að markaðssetningar samheitalyfja verði yfir 500 talsins.

Skráningar fyrir samheitalyf í Bandaríkjunum (ANDAs)

Félagið lagði alls inn 38 skráningar fyrir samheitalyf (ANDAs) í Bandaríkjunum á árinu 2006 og stefnir á að leggja inn 40-45 á árinu 2007. Beðið var samþykktar vegna 55 skráninga (pending ANDAs) í árslok 2006.

Framtíðarhorfur

Á árinu 2007 er búist við að heildartekjur verði um 1,6 milljarður evra fyrir árið 2007, sem samsvarar um 13% undirliggjandi vexti frá fyrra ári, þar sem EBITDA framlegð er væntanleg á bilinu 21-22%. Þá er búist við að tekjusvið félagsins í Mið og Austur Evrópu og Asíu, Sala til þriðja aðila og sala í Vestur-Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku sýni yfir 10% tekjuaukningu. Búist er við að tekjuvöxtur í Bandaríkjunum verði undir 5% á árinu 2007 en muni aukast talsvert á næstu árum í kjölfar væntanlegrar fjölgunar á markaðsleyfum þar í landi.

Þá er þess vænst að tekjur og EBITDA framlegð verði hærri á síðari hluta ársins, þar sem áhrif markaðssetningar nýrra lyfja á fyrri hluta ársins skila sér á þeim síðari.

Skipting hluthafa

Hluthafar í Actavis Group skiptust sem hér segir þann 31. desember 2006:

Hluthafar	%
Amber International og skyldir aðilar*	38,6%
Stofnanafjárfestar	29,8%
Einstaklingar	18,6%
Eign stjórnenda	7,9%
Eigin hlutabréf	5,0%
	100%
<hr/>	
Útgefin hlutabréf í A-flokki	3.369.435.093
Útistandi fjöldi bréfa	3.199.625.093
Útgefin hlutabréf í B-flokki (nóv. 2005)	US\$ 425 milljónir

* Amber International og tengdir aðilar lúta stjórn Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Actavis. Hlutabréf í B-flokki má leysa út hvenær sem er fram til loka apríl 2011

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Actavis Group hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er birtur í evrum og eru fjárhæðir í þúsundum evra og er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra, er felldur út í samstæðureikningnum.

Arðgreiðslur

Ekki verður greiddur út arður til hluthafa af hagnaði félagsins fyrir árið 2006. Á hluthafafundi þann 2. desember 2005 var samþykkt í tengslum við útgáfu B-flokks hlutafjár að ekki skyldi greiddur arður fyrr en hlutir í B-flokki hefðu verið innleystir að fullu, sbr. grein 2.03.4.

Aðalfundur og ársskýrsla

Aðalfundur félagsins verður haldinn 4. apríl nk. á Nordica hóteli. Fundurinn hefst kl. 12:00 og verður dagskrá auglýst síðar. Ársskýrsla félagsins verður gefin út á ensku og verður send hluthöfum síðustu vikuna í mars.

Reikningsskil

Endurskoðandi félagsins, KPMG, hefur endurskoðað ársreikninga þess og undirritað án athugasemda.

Birtingardagar

1. fjórðungur	8. maí 2007
2. fjórðungur	9. ágúst 2007
3. fjórðungur	8. nóvember 2007
4. fjórðungur og ársuppgjör	5. mars 2008

Birtingardaga má jafnframt finna á vef Actavis, www.actavis.com

Kynningarfundur um uppgjörið

Opinn kynningarfundur fyrir hluthafa, fjárfesta og greiningaraðila verður haldinn á Nordica hóteli í Reykjavík miðvikudaginn 1. mars 2007 kl. 8:30. Kynninguna má nálgast eftir fundinn á vefsvæði félagsins, www.actavis.com.

Nánari upplýsingar veitir:

Halldór Kristmannsson

Innri og ytri samskipti

Sími: 535 2325 og 840 3425

Póstfang: hkristmannsson@actavis.com

Um Actavis

Actavis er alþjóðlegt lyfjafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu samheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11,000 manns í yfir 30 löndum. Höfuðstöðvar félagsins eru á Íslandi en fyrirtækið rekur auk þess þróunarsetur og verksmiðjur í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu.

Almennur lagafyrirvari

Upplýsingar, sem fram koma í þessari fréttatilkynningu, kunna að innihalda forspár varðandi fjárhagsstöðu, árangur og viðskipti Actavis. Forspár og áætlanir eru í eðli sínu tengdar áhættu og óvissu þar sem þær varða atvik og eru háðar atburðum sem munu eiga sér stað í framtíðinni. Ýmsir þættir geta leitt til þess að raunverulegur árangur eða þróun verði í veigamiklum atriðum frábrugðin því sem fram kemur eða er undanskilið í þessum forspám. Þessir þættir eru m.a. gengissveiflur, sú hættu að rannsóknir og þróun muni ekki skila af sér vörum sem ná viðskiptalegum árangri, áhrif samkeppni, verðstýring og verðlækkunar, hættan á að missa einkaleyfi eða vörumerkjaréttindi eða að þau renni út, erfiðleikar við að fá eða viðhalda opinberum leyfum fyrir vörur, hættan á verulegum skaðsemissábyrgðarkröfum eða hættu á ábyrgð vegna umhverfistjóns.

Ársreikningur Actavis Group fyrir rekstrarárið sem lauk 31. desember 2006
Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)

Rekstrarreikningur	4F 2006		4F 2005		Árið 2006		Árið 2005	
Sala.....	341.695	100,0%	185.316	100,0%	1.339.189	100,0%	551.384	100,0%
Kostnaðarverð seldra vara.....	(202.539)	-59,3%	(89.970)	-48,5%	(788.266)	-58,9%	(276.470)	-50,1%
Framlegð.....	139.156	40,7%	95.345	51,5%	550.923	41,1%	274.913	49,9%
Aðrar rekstrartekjur.....	8.488	2,5%	9.231	5,0%	40.732	3,0%	27.880	5,1%
Sölu- og markaðskostnaður.....	(53.990)	-15,8%	(24.311)	-13,1%	(197.271)	-14,7%	(81.374)	-14,8%
Rannsóknar- og þróunarkostnaður.....	(16.372)	-4,8%	(21.472)	-11,6%	(66.763)	-5,0%	(54.289)	-9,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	(31.700)	-9,3%	(24.284)	-13,1%	(130.037)	-9,7%	(60.618)	-11,0%
	(93.574)	-27,4%	(60.835)	-32,8%	(353.339)	-26,4%	(168.401)	-30,5%
Rekstrarhagnaður (EBIT).....	45.582	13,3%	34.510	18,6%	197.584	14,8%	106.512	19,3%
Áhrif hlutdeildarféлага.....	0	0,0%	(1.015)	-0,5%	0	0,0%	(1.816)	-0,3%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(7.461)	-2,2%	3.153	1,7%	(70.327)	-5,3%	(13.216)	-2,4%
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	38.121	11,2%	36.647	19,8%	127.257	9,5%	91.479	16,6%
Tekjuskattur.....	(5.581)	-1,6%	(1.232)	-0,7%	(24.568)	-1,8%	(10.477)	-1,9%
Hagnaður tímabilsins.....	32.540	9,5%	35.416	19,1%	102.689	7,7%	81.003	14,7%
Ráðstöfun:								
Hlutdeild móðurfélags.....	33.130	9,7%	34.511	18,6%	102.272	7,6%	78.007	14,1%
Hlutdeild minnihluta.....	(590)	-0,2%	904	0,5%	417	0,0%	2.995	0,5%
Hagnaður tímabilsins.....	32.540	9,5%	35.416	19,1%	102.689	7,7%	81.003	14,7%

Efnahagsreikningur	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Fastafjármunir.....	1.907.482	1.755.924	1.907.482	1.755.924
Veltufjármunir.....	671.881	633.707	671.881	633.707
Eignir samtals	2.579.362	2.389.632	2.579.362	2.389.632
Eigið fé.....	880.199	997.334	880.199	997.334
Hlutdeild minnihlutaeigenda.....	9.457	10.695	9.457	10.695
Langtímaskuldir.....	1.125.069	972.803	1.125.069	972.803
Skammtímaskuldir.....	564.638	408.799	564.638	408.799
Eigið fé og kuldir samtals	2.579.362	2.389.632	2.579.362	2.389.632

Sjóðstreymi	4F 2006	4F 2005	Árið 2006	Árið 2005
Veltufé frá rekstri.....	55.587	27.933	204.122	109.079
Handbært fé frá rekstri.....	79.427	24.877	161.914	103.004

Kennitölur	4F 2006	4F 2005	Árið 2006	Árið 2005
EBITDA.....	69.548	52.156	287.134	148.471
EBITDA/heildartekjur.....	19,9%	26,8%	20,8%	25,6%
EBIT/Heildartekjur.....	13,0%	17,7%	14,3%	18,4%
Hagnaður á hlut (EPS).....	0,00700	0,01036	0,01804	0,02548
Hagnaðarhlutfall.....	9,3%	18,2%	7,4%	14,0%
Arðsemi eiginfjár (ROE).....	14,2%	19,6%	12,5%	19,6%
Eiginfjárhlutfall.....	0,34	0,42	0,34	0,42
Veltufjárhlutfall.....	1,19	1,55	1,19	1,55

i Undirliggjandi hagnaður tekur ekki tillit til einsskiptiskostnaðar vegna yfirtökuferlis í Króatíu og afskrifta á yfirverði vegna fyrirtækjakaupa..

ii Undirliggjandi tekjuvöxtur tekur ekki tillit til kaupa á nýjum félögum eða gengishreyfinga.

iiiÚtreikningur á þynntum hagnaði á hlut er í evrum og tekur að fullu tillit til forgangsbréfa og áfallinna arðgreiðslna af þeim.